

# HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

# JÖKULL

1138. tbl - 24. árg.

5. desember 2024



## Ljós tendruð á trjám í Snæfellsbæ



Á fyrsta sunnudag í aðventu, sem lenti á 1. desember í ár, var að venju tendrað á jólatrjám í Snæfellsbæ við hátíðlega athöfn. Í ár var nýr háttur á skipulagi viðburðarins og í stað þess að hafa tvo viðburði, einn á Hellissandi og einn í Ólafsvík var skipulagður einn stærri jóla- og adventu viðburður í Ólafsvík. Þar sam-einuðust fjölskyldur allstaðar að úr Snæfellsbæ til að eiga huggulega stund í aðdraganda jóllanna,

tendruðu jólaljósinn og dönsuðu í kringum jólatréð. Á næsta ári verður leikurinn endurtekinn og viðburðurinn þá haldinn á Hellissandi og skiptist svo á milli ára. Sáíð iðaði af lífi, Jón Haukur Hilmarsson söng jólalög auk þess sem Ómar Hall Sölvason tók lagið, jólasveinarnir komu í heim-sókn og dönsuðu með börnum og fullorðnum í kringum jólatréð áður en þeir náðu í góðgæti í pokana sína fyrir yngri kynslóðina.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar hafði komið Pakkhúsinu í jóla- legan búning þar sem var notaleg

stemning og Sker seldi þar ristað- ar möndlur og heitt kakó sem var kærkomið í kuldanum.

SJ

## Bílslys á Fróðárheiði

Slys varð á Fróðárheiði laugar- daginn 31. nóvember þegar rúta með 25 manns auk íslensk bíl- stjóra valt út af veginum nærri sæluhúsinu. Flughált var á heiðinni og mikið rok þegar slysið átti sér stað en um hóp erlendra ferðamanna var að ræða. Allir tiltækir viðbragðs- aðilar frá Ólafsvík og Grundar- firði sinntu útkallinu, björg- unarsveitir, slökkvilið, lög- reglan og sjúkrabílar auk þess sem sjúkrabíll kom frá Stykkis- hólmi. Tveir aðilar voru fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur til aðhlynninga en flytja þurfti þau með sjúkrabíl til móts við þyrluna þar sem mjög vont veður var á heiðinni. Rúta frá Hóperðabílum Svans sótti þá farþega sem sluppu við meiðsl og ók þeim á fjöldahjálparstöð

í Ólafsvík. Rauði Krossinn opnaði fjöldahjálparstöð í íþróttahúsinu í Ólafsvík þar sem gengið var til kosninga í starfsstöðvum grunnskólans þennan dag. Eftir nánari skoðun voru fjórir til viðbótar fluttir með sjúkrabíl frá fjöldahjálparstöðinni upp á Akranes til aðhlynningar. Eftir að staðan var tekin á öllum rútufarþegum sem eftir voru, þau höfðu fengið næringu og náð sér niður kom rúta frá Snæfellsnes Excursions sem fór með hópinn á næsta áfangastað ferðalags síns. Þetta er í annað sinn á síðustu sautján árum sem komið hefur til þess að virkja þurfi fjöldahjálparstöð í Snæfellsbæ. Góð samvinna viðbragðsaðila á svæðinu tryggði þó að allt gengi vel og eiga þau hrós skilið fyrir skjót viðbrögð og góð vinnubrögð.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# Jólatónleikar Snæfellsbæjar

Árlegir jólatónleikar Snæfellsbæjar fóru fram í Ólafsvíkirkirkju fimmtudaginn 28. nóvember. Menningarnefnd Snæfellsbæjar stóð að tónleikunum eins og síðustu ár en það var Sigríður Thorlacius sem hringdi inn jólin ásamt Ómari Guðjónssyni og Ásgeiri Aðalsteinsyni úr hljómsveitinni Lón og söngkonunni Raket Sigurðardóttir. Þá steig skólakór Snæfellsbæjar einnig á svið og tók með þeim tvö lög. Flutti hljómsveitin lög af plötunni Fimm mínútur í jól ásamt öðrum vel völdum jólaperlum. Á annað hundrað manns mættu á tónleikana í Ólafsvíkirkirkju og hlustuðu á ljúfa tóna.

Ægir Þór Þórsson tók meðfylgjandi mynd en hann sá einnig um hljóðblöndun á tónleikunum.

SJ



## Jólaeveðjur í Jökul

Við erum að taka á mót  
jólaeveðjum í jólablað Jökuls.  
Vinsamlegast hafið samband

fyrir föstudag  
20. desember

steinprent@simnet.is og 436 1617



**STEINPRENT**

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is



**FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

## Jólaopnun Gilbakka



Eigendur kaffihússins Gilbakka á Hellissandi hafa nú lokið árlegri jólaopnun sinni. Kaffihúsið var opið síðastu þrjár helgar frá fimmtudegi til laugardags. Eins og undanfarin ár er breytur matseðill á meðan jólaopnun stendur og þá geta gestir gætt sér á gómsætum jólaréttum sem Anna Þóra er þekkt fyrir. Jólasúkkulaðið og bragðbættir kaffidrykkir stóðust enn og aftur væntingar en margir biða spennir eftir þeim til þess að

koma sér í jólaskap. Síðasti séns til þess að njóta kyrrðar á fallega kaffihúsinu á Hellissandi er fimmtudaginn 5. desember en þá er aðventugleði í Ólafsvík, Hellissandi og Rífi. Þá taka rekstraraðilar saman höndum og bjóða íbúum og nærsveitum til aðventugleði í aðdraganda jóla. Þetta er yndisleg hefð þar sem gleðin er við völd og kemur fólk í jólaskap.

JJ

# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á **Black FRIDAY** TILBOÐUM Í SÍÐUSTU VIKU

## Við bjóðum sömu afslætti út vikuna

Gildir þó aðeins á þeim vörum sem til eru í verslun okkar í Ólafsvík

### SAMSUNG SJÓNVÖRP

50" Verð: 119.990,-

**Tilboðsverð: 99.990,-**

65" Verð: 169.990,-

**Tilboðsverð: 144.990,-**



AEG veggofn svartur

Verð: 129.900,-

**Tilboð 89.900,-**



Digihome 12/230V ferðasjónvarp  
24" Snjalltæki

Verð: 54.900,-

**Tilboð 44.900,-**



AEG kælikápur  
186cm  
220L / 93L

Verð: 149.900,-

**Tilboð 112.490,-**



Sangean útvarp

Verð: 17.900,-

**Tilboð 9.900,-**



Þykkir og fýðraðir regnjakkar  
Nokkrir litir.

Verð: 21.990,-

**Tilboð 4.990,-**

## 20 - 50% afsláttur

af fatnaði og skóm.

Ýmis önnur tilboð í verslun

# HAMPIÐJAN

## VERSLUN ÓLAFSVÍK

Ólafsbraut 19 - s. 436 1214 - olafsvik@hampidjan.is

# Úrslit alþingiskosninga 2024

Alþingiskosningum 2024 er nú lokið og er því komið í ljós hvaða þingmenn munu taka sæti á þingi fyrir Norðvesturkjördæmi. Síðastliðinn mánuð hafa frambjóðendur verið duglegir að flakka um kjördæmið og eiga samtál við fólk í svæðinu. Íbúar hafa tjáð hvað liggur þeim á hjarta og hvað frambjóðendur ættu að leggja áherslu á til þess að bæta líf á svæðinu. Kjördæmið á sjö þingmenn og úrslit kosninganna dreifði þeim þingmannafjölda á sex flokka. Sjálfstæðisflokkurinn var með mesta fylgið í kjördæminu eða 18%. Ólafur Adolfsson er því fyrsti þingmaður kjördæmisins. Flokkur fólksins var með 16,7% fylgi en nutu góðs af uppbótarþingmanni og eru því með tvo þingmenn í

kjördæminu. Það eru þau Eyjólfur Ármannsson og Lilja Rafney Magnúsdóttir. Arna Lára Jónsdóttir er þingmaður Samfylkingarinnar en flokkurinn var með 15,9% fylgi. Fyrir Miðflokkinn komst Ingibjörg Davíðsdóttir inn á þing og Stefán Vagn Stefánsson fyrir Framsóknarflokkinn. María Rut Kristinsdóttir verður þingmaður Viðreisnar. Viðreisn og Miðflokkurinn eru í fyrsta skiptið með alþingismann í Norðvesturkjördæmi eftir þessar kosningar.


Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar er jafnan með fyrstu mönnum að kjósa og var þessi mynd tekin er hann greiddi atkvæði á laugardagsmorgun í Ólafsvík.

JJ



## Aðsókn á tjaldsvæði Snæfellsbæjar

Tjaldsvæði Snæfellsbæjar í Ólafsvík og á Hellissandi njóta mikilla vinsælda og eykst fjöldi gesta með hverju með hverju ári. Þegar fjöldi gesta á tjaldsvæðunum á liðnu sumri er tekinn saman kemur í ljós að þeim hefur fjölgað frá síðasta ári og tímabilið er að lengjast. Í heild dvöldu 19.471 gestir á tjaldsvæðunum tveimur í sumar og hefur farið vaxandi með hverju ári síðastliðinn áratug ef frá eru skilin ár heimsfaraldurs. Þess má geta að Snæfellsbær leitast sífellt eftir því að bæta þá aðstöðu og þjónustu sem finna má á tjaldsvæðunum og eru það sannarlega góðar fréttir og ánægjulegar að æ fleiri gestir sem kjósa þennan gistingualeika sæki Snæfellsbæ heim. Á Hellissandi er tjaldsvæðið í Sandhrauni, með útsýni yf-



ir Snæfellsjökul og Krossavík, í næsta nágrenni við Snæfellsjökulsþjóðgarð. Í Ólafsvík er það staðsett neðst í falgri hlíð við útjaðar bæjarins með gott útsýni yfir dalinn og í nágrenni við skóg-

ræktina í Ólafsvík. Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda gesta á tjald-

svæðunum síðustu 10 árin, frá 2015 til 2024. [www.snb.is](http://www.snb.is)

ÓLAFSVÍKUR | BRIMILSVALLA | INGJALDSHÓLS  
KIRKJUGARÐUR | KIRKJUGARÐUR | KIRKJUGARÐUR

### JÓLALJÓS Í KIRKJUGARÐINUM

Kæru notendur rafmagns fyrir ljósaskreytingar, vinsamlegast greiðið kr. 2.500,- inn á reikning viðkomandi kirkju fyrir 15. desember. Kveikt er á ljósum aðventuna og að þrettánda.

#### Ólafsvík og Brimilsvellir:

Banki: 0194 - 26 - 966 Kt.: 420289-1979

#### Ingjaldshóll:

Banki: 0190 - 05 - 948 Kt.: 660169-5209

Bent er á að nauðsynlegt er að nota vatnsheldar útiseriur.

Umsjónarmenn kirkjugarða Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls.



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111

# Ný kolaslægingavél á Fiskmarkað Snæfellsbæjar

Nóg er um að vera hjá Fiskmarkaði Snæfellsbæjar þessa daganna þar sem verið er að keyra fyrstu kolaslægingavél sinnar tegundar hér á landi. Vélin er af tegundinni Gutmaster 1000 Flex og er frá danska fyrirtækinu Kroma sem sérhæfir sig í vinnslu á flatfisk. Hún hefur sannað gildi sitt í erlendum fiskvinnslum og um borð í skipum sem veiða og vinna flatfisk.

Gutmaster 1000 Flex er háþrúð vél sem lengdar- og hæðar mælir hvern og einn fisk og ákvarðar skurðinn út frá því. Því næst eru innnyflin sögnin úr með miklum sogkrafti vélarinnar og í leiðinni er vatni sprautað til að skola fiskinn að innan. Slógið sem sögið er úr fisknum safnast saman í geymslutank sem tæmir sig á ákveðnum tíma fresti og tekið til hliðar. Fiskurinn fer síðan í kar þar sem hann er ísaður og tilbúinn til frekari vinnslu hjá kaupendum.

Með kaupunum á kolaslægingavél getur Fiskmarkaður Snæfellsbæjar boðið viðskiptavinum þá þjónustu að vélslægja skarkola sem eykur meðhöndlun skarkolans til hins betra. Fiskmarkaður



Snæfellsbæjar er að leiða nýsköpun í greininni og eru stjórnendur sannfærðir um að Gutmaster 1000 Flex muni sanna gildi sitt hér á landi og laða að fleiri viðskiptavinum. Fiskmarkaður Snæfellsbæjar telur að þetta sé heillaskref til framþróunar í bættri meðhöndlun og nýtingu á flatfisk hér á landi fyrir annars vegar fyrir sjómenn og hins vegar fyrir kaupendum.



**FISKMARKAÐUR**  
**SNÆFELLSBÆJAR**

Sími: 431 3600 - [fmsnb@simnet.is](mailto:fmsnb@simnet.is)  
Farsímar: 853 1002 & 853 1003



# Réttindabarátta sjávarbyggðanna



Helsta forgangsmál Flokks fólksins er baráttan gegn fátækt. Flokkur fólksins berst fyrir að allir fái lífað mannsæmandi lífi. Lífsgæði eru ekki einkaréttur útvalinna! Það á einnig við um landsbyggðina og sjávarbyggðir.

Ein gjöfulustu fiskimið í heimi eru í hafinu undan ströndum Íslands. Þessa auðlind hafa forfeður okkar nýtt frá landnámi og er hún grundvöllur byggðar í landinu við sjávarsíðuna. Íbúar sjávarbyggðanna eiga

nýtingarrétt til fiskimiðanna undan ströndum byggðanna. Takmarkanir stjórnvalda á veiðum undan ströndum sjávarbyggða eru skerðing á búseturétti íbúa þeirra.

Kvótakerfinu í sjávarútvegi var komið á til bráðabirgða 1984 og hefur það haft gríðarlegar afleiðingar fyrir margar sjávarbyggðir. Aflamark í þorski var ákveðið 220.000 tonn til að byggja upp þorskostofinn. Það eru sömu veiðiheimildir og í dag árið 2024. Árangurinn er enginn. Örfáir útgerðarmenn hafa náð til sín stærstum hluta veiðheimilda og litt hefur verið skeytt um afkomu sjávarbyggðanna og búseturétt þeirra. Atvinnufrelsi íbúanna hefur verið tekið frá þeim og sjávarbyggðunum hefur hnignað og íbúum fækkar og margar þeirra eru brothættar byggðir.

Kvótakerfið var sett á til verndar fiskistofna og á einungis að ná til þeirra veiða sem ógna fiskistofnum. Stjórnarskráin er skýr þegar kemur að atvinnufrelsi og segir þar að; öllum er

frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. (75. gr.)

Handfæraveiðar á krók ógna ekki fiskistofnum og á því að gefa frjálsar. Skortir því rök fyrir takmörkun á atvinnufrelsi íbúa sjávarbyggðanna til handfæraveiða, því það skortir almannahagsmuni til að takmarka atvinnufrelsi. Það eru ekki almannahagsmunir fyrir hendi til að takmarka handfæraveiðir við Íslandsstrendur.

Í lögboek Íslendinga um árhundruð, Jónsbók frá 1282, sem enn eru kaflar úr í lagasafninu segir eftirfarandi: Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at ósekju. Hér er átt við handfæraveiðar sem hafa verið stundaðar öldum saman við Íslandsstrendur eða fá landnámi. Þessi réttur til veiða stendur enn óhaggaður.

Strandveiðar, þó litlar séu, hafa reynst vel fyrir hinar dreifðu sjávarbyggðir og hleypt nýju lífi í byggðarlögin þann stutta tíma sem þær hafa verið leyfðar á sumrin.

Til að tryggja áframhaldandi búsetu við sjávarsíðuna verður að viðurkenna nýtingarrétt sjávarbyggðanna. Það er viðurkenning á atvinnufrelsi og búseturétti íbúa sjávarbyggðanna. Mikilvægt er að endurreisa þennan rétt íbúa sjávarbyggðanna til að nýta sjávarauðlindina þannig að fjölskyldur geti lifað af fiskveiðum með rekstri lítilla fjölskyldufyrirtækja sem gera út á strandveiðar. Öflug smábátaútgerð mun hleypa nýju lífi í sjávarbyggðirnar og er forsenda fjölbreytts atvinnulífs og mannlífs. Það heldur landinu öllu í byggð og er þjóðhagslega hagkvæmt.

Strandveiðar eru umhverfisvænar og valda minnstu riski í hafrýminu enda stundaðar á kyrrstæð veiðarfæri, krók. Þær hafa minnsta kolefnissporið og hámarka verðmæti aflans. Þær hafa gefið nýjum aðilum og

ungu fólki tækifæri til hefja veiðar. Smábátaútgerð hefur spornað gegn samþjöppun og komið í veg fyrir að fjölbreyttur sjávarútvegur legðist af á landsbyggðinni.

Baráttan fyrir frjálsum strandveiðum er réttindabarátta. Baráttan fyrir atvinnufrelsi og búseturétti. Takmarkanir á atvinnufrelsi mega ekki ganga lengra en nauðsyn krefur. Aflahámark sem takmarkar fiskveiðar á aðeins að ná til þeirra veiða sem ógna fiskistofnum. Handfæraveiðir ógna ekki fiskistofnum. Handfæraveiðir ógna ekki fiskistofnum. Þetta er einnig baráttan fyrir jöfnum búseturétti og rétti íbúa sjávarbyggðanna á landsbyggðinni, þar sem byggð hefur alla tíð byggst á fiskveiðum. Íbúar sjávarbyggðanna eiga skilið að fá að nýta sjávarauðlindina þannig að fjölskyldur geti lifað af fiskveiðum. Sá réttur verður einungis tryggður með eflingu strandveiða.

Flokkur fólksins hefur það sem forgangsmál að stórefla strandveiðar og gefa frjálsar handfæraveiðar smábáta. Íbúar sjávarbyggða skulu njóta aukins réttar til að nýta sjávarauðlindina með jákvæðum áhrifum á sjávarplásin víðs vegar um landið. Tryggja þarf strandveiðar í 48 daga á sumrin og bættum við sóknardögum á vorin og haustin. Strandveiðisjómenn skulu sjálfir ráða hvenær þeir róa þessa daga. Lagfæra þarf handnýtta byggðakvótakerfi fjórflokksins. Endurskoðum aðferðir Hafrannsóknarstofnunar við fiskveiðiráðgjöf. Breytum lögum og kveðum á um að allur affli skuli fara á markað, til að tryggja sanngjarnt uppgjör til sjómanna. Þetta eru allt skref til sátta í deilum um sjávarútvegsmál, sem hafa áratugum saman skaðað tiltrú almennings á stjórnkerfið og stjórnmálin.

Eyjólfur Ármannsson  
Höfundur er þingmaður fyrir Flokk fólksins í Norðvesturkjördæmi.

## Aðsókn í sundlaug Snæfellsbæjar

Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík nýtur mikilla vinsælda meðal íbúa og gesta. Gestum hefur fjölgað um tæp 19% í sundlauginni það sem af er ári samanborið við árið 2023. Fyrstu ellefu mánuði ársins 2023 fóru 27.652 gestir í sundlaugina, en fyrstu ellefu mánuðina árið 2024 fóru 32.836 gestir í sund. Það hefur því fjölgað um 5184 gestir á milli ára, eða sem nemur 18,75% aukningu. Þetta eru

afar ánægjulegar fréttir, enda hefur Snæfellsbær lagt mikið kapp á að bæta aðbúnað og aðstöðu í sundlauginni fyrir íbúa og gesti. Til marks um það má nefna að síðastliðið sumar var vegleg vatnsrennibraut opnuð sem hefur vakið mikla lukku meðal yngri kynslóðarinnar og hefur eflaust haft jákvæð áhrif á gestafjöldann.

[www.snb.is](http://www.snb.is)



Innskráningar árið 2023



Innskráningar árið 2024



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



# Aðventuhátíð í Grundarfirði

Fyrsti sunnudagur í aðventu var viðburðarríkur dagur í Grundarfirði. Þann 1. desember hófst dagurinn með kirkjuskóla í Grundarfjarðarkirkju þar sem börn á Snæfellsnesi öllu komu saman og gerðu sér glaðan dag.

Seinna sama dag hélt Kvenfélag Gleym mér ei sinn árlega aðventudag í Samkomuhúsinu þar sem voru sölubásar, lifandi tónlist, happdrætti og kaffisala. Hátiðlegur viðburður kvenfélagsins hringir jólin inn hjá mörg-

um. Í framhaldinu héldu íbúar Grundarfjarðar að jólatrénu við Heilsugæsluna þar sem félagar í Lionsklúbbi Grundarfjarðar tendruðu á trénu. Barnakór Grunnskóla Grundarfjarðar söng vel valin jólalög og svo mættu jóla-

sveinarnir á svæðið með gotterí í pokum fyrir börnin.

Sverrir Karlsson tók meðfylgjandi myndir.

SJ



## Ljósmyndasamkeppni Grundarfjarðar



Ljósmyndasamkeppni Grundarfjarðarbæjar 2024 var haldin í fimmtánda sinn í ár, Menningarnefnd Grundarfjarðarbæjar heldur utan um keppnin og tilkynntu þau í apríl á þessu ári að þema keppninnar í ár væri Gleði. Úrslit úr ljósmyndasamkeppninni voru kynnt á aðventudegi Kvenfélagsins Gleym mér ei sunnudaginn 1. desember en alls bárust 31 myndir í keppnina. Dómnefndin var skipuð af þeim Mörtu Magnúsdóttur og Raket Birgisdóttur úr menningarnefnd og Láru Lind Jakobsdóttir, forstöðumanni menningarmála og bókasafns. Tilgangur keppninnar er að ýta undir áhuga á ljósmyndun meðal bæjarbúa, virkja þátttöku þeirra og fá nýja sýn á bæjarfélagið og samfélagið. Einnig er bærinn að komast upp góðu safni af myndum úr og af sveitar-

félaginu til notkunar við kynningarstarf og annað sem viðkemur starfsemi bæjarins. Samkvæmt reglum verða myndirnar að vera teknar innan marka sveitarfélagsins á tímabilinu 1. desember 2023 til 18. nóvember 2024 og má hver þátttakandi senda inn að hámarki fimm myndir. Verðlaun voru veitt fyrir þrjár áhuga-verðustu myndirnar og var Kasia Bajda í fyrsta sæti, Elín Hróðný Ottósdóttir var í 2. sæti og Bryndís Guðmundsdóttir í því þriðja. Allar myndirnar áttu það sameiginlegt að fanga augnablik af gleði barna enda fylgir þeim oft mikil gleði í leik. Ný ljósmyndasamkeppni Grundarfjarðarbæjar verður kynnt í byrjun árs 2025. Meðfylgjandi mynd er vinningsmynd keppninnar í ár sem Kasia Bajda tók.

SJ



Bifreiðaverkstæði Egis.  
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

# Velkomin í adventugledi

Við ætlum að fagna aðventunni og bjóða upp á lengri opnun, góð tilboð og almenna gleði fimmtudaginn 5. desember.

Við hlökkum til að sjá þig!

**Útgerðin:** 20-50% afsláttur af völdum vörum.

Verslunin Bjarg með Pop-up verslun og Þórdís Z með blómakransa og skreytingar til sölu. Jón Kristinn kynnir sælkeravörur. Happy hour á vinstofunni frá 18 - 21.

**Gilbakki:** Súpa og jóladrykkir. Feðginin Smári og Hildigunnur selja jólatré og sveina. Sykurpúða-eldur í horninu. Opið frá 17:30 - 21.

**Hárgreiðslustofa Gunnhildar:** 25% afsláttur af öllum vörum á stofunni frá 9 - 16. Einnig á Gilbakka með gjafapakkingar á 25% afslætti.

**Tröð handverk:** Ilmandi jólakerti handgerð af Viktoríu Sif verða til sölu á Gilbakka.

**Smiðjan Fönix:** Tilboð á jólaseríum og gjafaleikur fyrir viðskiptavini. Stiga-sleði í verðlaun.

**Verslunin Hrund:** 20-50% afsláttur af völdum vörum. Opið frá 14 - 21.

**Sker Restaurant:** Heitt súkkulaði í boði og ýmislegt góðgæti til sölu.

**Fallegt.is:** 25% afsláttur af öllum vörum og önnur tilboð, t.d. 3f2 af gjafapappír og fleira. Verður á Sker Restaurant.

Verslun  
í heimabyggt

**Hampiðjan:** 20-50% afsláttur af fatnaði og Black Friday tilboð á völdum vörum. Opið til 21.

**Pastel hárstofa:** 25% afsláttur af öllum vörum. Opið 18 - 21.

**Snyrtistofan Glóey:** 10-20% afsláttur af völdum vörum og gjafapakkingum. Verður á Pastel hárstofu.

**Sóley saumar:** Tilboð á völdum vörum. Kvenfélag Ólafsvíkur tekur á móti pöntunum í leiðisgreinar. Opið frá 14-21.

**Muska snyrtistofa:** 15% afsláttur af völdum vörum og gjafakortum. Verður hjá Sóley frá 18-21.

**Apótek Vesturlands:** 20% afsláttur af ilfum, gjafakössum og barnavörum. Opið til 20.

**Sjoppan Ólafsvík:** Ísvélin opin. Lítil bragðarefur á 1000 kr. Opið frá 9 - 22.

**Smiðjan Ólafsvík:** Opið frá 17 - 21.

## Jólatónleikar kirkjukórs í Pakkhúsinu

Kórinn syngur þekkt og vinsæl jólalög. Tónleikar hefjast kl. 20:30. Öll velkomin að syngja með. Jólaglög, kakó og smákökur. Aðgangseyrir 2000 kr.

